

**44** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um sveit-  
28. febr. festi þurfalings. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 12. júlí f. á. senduð þjer mjer, herra  
amtmaður erindi hreppsnefndarinnar í Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatnssýslu, þar sem  
hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dags. 13. okt. 1887 er kveður svo á, að Solveig Sig-  
urbjörg nokkur Jóhannsdóttir skuli álitast sveitlæg í nefndum hreppi, og eptir að jeg nú  
með brjefi yðar, dags. 4. f. m., hefi meðtekið ítarlegri skýrslu málinu viðvíkjandi, skal  
úrskurður lagður á það sem hjer segir:

Solveig Sigurbjörg sú, er ágreiningurinn er um í þessu máli hvar sveitlæg sje  
hefur eigi með dvöl áunnið sjer sjálf sveit í neinum hreppi, og ræður það því úr-  
slitum málsins hvar álitnið verði að hún eigi fæðingarhrepp.

Hún er fædd 15. júní 1861 á Strjúgsstöðum í Bólstaðarhlíðarhreppi og er skilgetin  
dóttir Jóhanns nokkurs Guðmundssonar. Voru foreldrar Solveigar fardagaárið 1860—61  
á lausum kjala en á einmánuði 1861 kom Jóhann konu sinni óljettri fyrir á Strjúgsstöð-  
um hjá bónda þeim er þar bjó til næstu fardaga, og þegar annar maður tók við jörð-  
inni í fardögum fjekk Jóhann leyfi hans, til að kona hans dveldi hjá honum fyrst um  
sinn meðan Jóhann, sem hafði fengið leyfi til að byggja sjer kofa í landi jarðarinnar  
Móbergs í Engihlíðarhreppi, var að koma upp kofa þessum, og flutti Jóhann síðan í hann  
milli fráferna og sláttar um sumarið, en á meðan hann var að byggja kofann hjelt  
hann ýmist til á Móbergi eða Hvammi, næstu bæjum við kofann, og var að eins stöku  
sinnum nótt og nótt á Strjúgsstöðum þar sem kona hans dvaldi. Eptir þessum atvik-  
um málsins verð jeg að álíta, að Jóhann, faðir Solveigar hafi eigi átt neinstaðar fast lög-  
legt heimili á þeim tíma, er Solveig fæddist, og að hún því samkvæmt niðurlagi 7. gr.  
í fátækrareglugjörð 8. janúar 1834 eigi framfærslu í Bólstaðarhlíðarhreppi þar sem hún  
fæddist. Skal því úrskurður yðar, er að ofan er nefndur standa óraskaður.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

#### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

samkvæmt fjárlögunum fyrir 1888 og 1889.

10. gr. C. 5. b.

Veittar 119 kr. 50 a. til aðgjörðar á aðalþótleiðinni í Stafholtstungum, (milli Arnarholts og  
Hamarenda.).

10. gr. C. 5. c.

Veittar 87 kr. 67 a. uppí kostnað við aðgjörð á veginum yfir Vestdalsheiði.

13. gr. B. V. b. 1.

Veittar 40 kr. til barnaskólans í Ólafsvík.

#### EMBÆTTISSKIPUN.

18. marz veitti landshöfðingi settum prestí í Hvanneyrarprestakalli og Kviabekkjarpresta-  
kalli. sjera Bjarna Þorsteinssyni Hvanneyrar prestakall í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá  
fardögum 1889, eptir ósk hlutadeigandi safnaðar, er hafði afsalað sjer kosningarrjetti.

#### ÓVEITT PRESTAKALL,

veitt með þeim fyrirvara, að sá er það fær, verði að sætta sig við rýrnun þá í tekjum þess, er leitt  
geti af ákvörðun 16. gr. laga 19. febr. 1886.

V e s t m a n n a e y j a r (Ofanleytissókn) í Rangárvallaprófastsdæmi. Préstsekkja er í brauð-  
inu, auk þess nýtur önnur prestsekkja náðarársins fardagaárið 1889—90. Metið 1407 kr. 36 a. Aug-  
lýst 24. apríl 1889.